



Tapað fundið

Jón Þór nokkur Gunnarsson mun hafa týnt lyklunum sínum á mótisvæðinu og er sá sem finnur þá beðin(n) um að koma þeim til skila í Skýjaborgir

LABBI

1. tbl.

35. árgangur

2002



LABBI



Skátar, Hafnfirðingara og aðrir velunnarar skáta-hreyfingarinnar eru velkomnir á þetta sextugasta og annað vormót Hraunbúa í Krýsuvík.

Mótsgjald er 1.499 kr. Fjölskyldutjaldbúðir verða í jaðri móttssvæðisins og kosta þær 500 kr. á tjald, hvort sem gist er eina nótt eða tvær. Innifalið í því verði er mótsbók, mótsblaðið LABBI, ofið mótsmerki, kakó og kex á kvöldin svo og öll dagskrá.

Hið klassíska Arnarfellshlaup verður. Aðalvarðeldur mótsins verður síðan haldinn á sunnudagskvöldinu kl. 21.45. Eru eldri skátar og aðrir gestir sér-staklega vel-komnir á hann.

LABBI@vormot.is

Útgefandi: Vormót Hraunbúa 2002

Ritstjórn: Jakob Guðnason

Prentverk: Labbaprent - Skýjaborgir

Ábyrgðarmenn: Móri og Skotta



Labbakúturinn

Öll mótsblöð þurfa að vera í góðu sambandi við lesendur sína. Því hefur ritstjórnin yfir að ráða póstkassa - Labbakútnum. Hann tekur við fréttum, sögum, myndum, bröndurum, slúðri, pistlum, blaða-greinum og öllu öðru sem ykkur detttur í hug og þið teljið að sé birtingarhæft í fjölskylduvænu blaði eins og Labba. Labbakúturinn mun verða staðsettur í Skýjaborgum uns annað er auglýst

Ritstjórn

Næringarstjórn

Næringarstjórn mótsins er í höndum Huldu Jónsdóttur, Fótboltakvendi, Sunnu Hlínar Gunnlaugsdóttir Fitnesskvendi & Lísu Rúnar Guðlaugsdóttur Súperskáta.

Á mótinu sjá þær um: kakóið og auðvitað verður það BESTA kakó í heimi!!:Þ Einnig sjá þær um dróttskátakjötsúpuna. Ef ykkur líður eitthvað skryngilega í Labbakútnum eftir súpuna þá er það ekki okkur að kenna, þið borðið hana á eigin ábyrgð!!!

Nokkur góð ráð frá Næringarstjórninni:

1. Borða mikið af kjötsúpunni okkar.
2. Drekkið BESTA kakó í heimi (s.s okkar).
3. Notið okkar yndislegu salernisaðstöðu(kamarinn)
4. Burstið tennurnar.
5. Verið í góðu skapi (annars...; (..)
6. Borðið mikið og fáíð bumbu.



www.hraunbuar.is

LABBI